

1873.

3. júl.

**53. Bréf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um gjald á brennivíni og öðrum áfengum drykkjum.**

Með bréfi 17. apríl þ. á. hafði þér, herra landshöfðingi, sent hingað bænarskrá með fylgiskjölum, þar sem kaupmaður O. P. Möller í Reykjavík hefir sókt um, að fá borgaða aptur 12 rd. 16 sk, sem hann þykist hafa greidt um of í toll af vínföngum nokkrum, sem hann átti og fluttust til Reykjavíkur með skipinu *Nancy*, en þegar þau voru flutt í land, var tekið eptir að 146 potta vantaði uppá það, sem tilfært var í tollskránni; hafði þér jafnframt bæði stungið uppá, að það verði veitt, sem sókt er um, og að settar verði almennar reglur, sem þér skýrið nákvæmar frá, um að lögreglustjórar skuli sjálfir úrskurða slík mál.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar, og til þess þér auglýsið það, að það, sem Möller kaupmaður hefir sókt um, verður eigi veitt, samkvæmt úrskurði dómsmálastjórnarinnar, 15. marz þ. á., sem birtur var yður sem þáveranda stiptamtanni 25. s. m., og að stjórnarráðið hefir ekki fundið ástæðu til, að breyta þeim reglum, sem þar eru settar.

3. júl.

**54. Bréf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um fangelsi á Vestmannaeyjum.**

Eptir að dómsmálastjórnin í bréfi, dagsettu 6. nóvbrm. f. á., hafði gjört ýmsar athugasemdir við áætlun nokkra, sem komin var frá stiptamtinu, um að koma upp fangelsi á Vestmannaeyjum, með því að kaupa nokkurn part af þinghúsinu þar og búa til úr honum fangelsi, hefir stiptamtið með bréfi 31. marz þ. á. sent tvær nýjar áætlanir, sem sýslumaðurinn á Vestmannaeyjum hefir útvegað, frá íslenskum húsasmið Sveini nokkrum Sveinsyni; fer önnur áætlunin fram á eins og hin, sem getið er að framan, að koma fangelsinu fyrir í fyrnefndum parti þinghússins,